



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 15. september 2021 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð. Oddviti lagði fram tillögu að breytingu á dagskrá og að undir 8. lið dagskrár verði Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins 2021-2025 tekin fyrir. Tillaga var borin upp og samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni frá síðasta fundi og það sem framundan er. Í máli sveitarstjóra kom m.a. fram að stefnt sé að því að hefja íbúakönnun til þess að kanna hug íbúa til sameiningar Skagastrandar og Skagabyggðar í næstu viku. MMR mun annast skoðanakönnunina fyrir hönd sveitarfélaganna og fer hún fram í gegnum síma.

Í tengslum við framkvæmdir upplýsti sveitarstjóri að framkvæmdir á miðhæð Túnbrautar 1-3 væru hafnar, en markmið framkvæmda er að búa starfssemi Vinnumálastofnunar góðan aðbúnað og aðstöðu í húsinu.

Fram kom að samtal hafi verið átt við Vegagerðina síðustu mánuði og ákveðið hafi verið að ráðast í endurbyggingu Ásgarðs, einni af bryggjunum á Skagaströnd í samvinnu við Vegagerðina. Verkefnið er á 5 ára samgönguáætlun fyrir 2020-2024 og er heildarkostnaður áætlaður 245 milljónir. Vegagerðin ber 75% af kostnaði en sveitarfélagið 25%. Efniskaup verða kláruð á árinu 2021 og framkvæmdir hefjast vorið 2022. Þá kom einnig fram að stefnt sé að því að klára malbikun á smábátahöfn fyrir veturinn.

Í samræmi við það sem tilkynnt var þann 17. maí sl. hefur Skógræktin undirritað samning við One Tree Planted um gróðursetningu 180.000 trjáplantna í hlíðum Spákonufells ofan



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Þéttbýlisins á Skagaströnd. Verktakarnir koma með tækin á staðinn 15. september og byrja á jarðvinnslu vegna stígagerðar og girðingarstæða.

Að öðru leyti var skýrsla sveitarstjóra flutt munnlega og til kynningar.

2. Kjörskrá vegna Alþingiskosninga 25. september 2021

Sveitarstjórn fór yfir kjörskrárstofn Sveitarfélagsins Skagastrandar vegna Alþingiskosninga 25. september 2021. Kjörskrárstofn byggir á íbúaskrá Þjóðskrár frá 21. ágúst 2021.

Á kjörskrá eru alls 351 einstaklingur, þar af 188 karlar og 163 konur.

Leiðréttta þarf kjörskrá vegna eins einstaklings sem fallin er frá frá viðmiðunardegi Þjóðskrár.

Kjörskrárstofn eftir breytingu er alls 350 einstaklingar, þar af 188 karlar og 162 konur.

Sveitarstjórn samþykkir kjörskrárstofn í sveitarfélaginu með fyrirvara um hugsanlegar breytingar. Sveitarstjóra falið að ganga frá kjörskrárstofni og undirrita sem kjörskrá.

Kjörskrá Sveitarfélagsins Skagastrandar mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3 á opnunartíma hennar frá hádegi 15. september 2021 og til kjördags.

3. Motus – samningur

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Motus vegna innheimtuþjónustu. Sveitarfélagið hefur verið í samstarfi við fyrirtækið frá 2002. Sveitarstjórn fór yfir forsendur samnings og fól sveitarstjóra að undirrita samninginn.



4. Sala eigna

a. Suðurvegur 20

Fyrir fundinum lá staðfest kauptilboð í Suðurveg 20, fasteignanúmer F2139020, merking 01 0101. Sveitarstjórn staðfesti samþykkt kauptilboð og fól sveitarstjóra að annast sölu eignarinnar og undirrita öll skjöl í tengslum við söluna.

b. Mánabraut 11

Fyrir fundinum lá staðfest kauptilboð í Mánabraut 11, fasteignanúmer F2138935, merking 01 0101. Sveitarstjórn staðfesti samþykkt kauptilboð og fól sveitarstjóra að annast sölu eignarinnar og undirrita öll skjöl í tengslum við söluna.

5. Ársreikningur Norðurár

Ársreikningur lagður fram til kynningar.

6. Ársreikningur Hólaness

Ársreikningur lagður fram til staðfestingar.

7. Trúnaðarmál

Bókun sveitarstjórnar færð í trúnaðarbók.

8. Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins 2021-2025

Fyrir fundinum lágu drög að Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins 2021-2025 sem sveitarstjórn ræddi. Áætlun hefur fengið staðfestingu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Var sveitarstjóra falið að undirrita og birta áætlunina á heimasíðu sveitarfélagsins.

9. Bréf

a. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 13. ágúst 2021

Fyrir fundinum lá minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi forsendur fjárhagáætlana 2022-2026 sem lögð var fram til kynningar.

**b. Jafnréttisstofa dags. 25. ágúst 2021**

Með erindi Jafnréttisstofu er brýnt fyrir þeim aðilum sem ekki hafa hlotið jafnlaunavottun að ljúka ferlinu sem fyrst. Var sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

10. Fundargerðir**a. Stjórnar SSNV dags. 3. júní 2021**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar SSNV dags. 7. september 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 20. ágúst 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 26. ágúst 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

11. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:30

Halldór G. Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Guðmundur Egill Erlendsson

Kristín B. Leifsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir